



grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum. Dómurinn staðfestir hins vegar mat á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu að öðru leyti, þ.e.a.s. Norðlingaöldulón sunnan friðlandsmarka og veitu þaðan í Þórisvatn.

Dómi Héraðsdóms Reykjavíkur var ekki áfrýjað af málsaðilum og er hann því endanleg niðurstaða um mat á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu. Er því um að ræða sömu tilhögun Norðlingaölduveitu og samvinnunefnd um svæðisskipulag Miðhálandisins lagði til að tekin yrði upp í svæðisskipulagið á fundi sínum 12. ágúst 2005. Framkvæmdin er utan marka friðlandsins. Ekkert er því til fyrirstöðu að breyta skipulagi í samræmi við framangreint sé það vilji skipulagsyfirvalda.

Við ákvörðun um friðlýsingu ber að gera grein fyrir efni hennar, m.a. hversu víðtæk hún er og að hve miklu leyti framkvæmdir eru takmarkaðar, sbr. 60. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999. Hluti Kvíslaveitu (hluti Kvíslavatns) er innan friðlandsmarkanna og er sá hluti friðlandsins auðkenndur sem orkuvinnslusvæði á svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands. Verði farið að þeim áformum um stækkun friðlandsins sem kynnt er í þingsályktunartillögunni munu nánast allar stíflur Kvíslaveitu verða innan friðlandsmarkanna, sjá nánar meðfylgjandi yfirlitskort. Er því augljóst að saman geta farið orkunýting og náttúruvernd að mati flutningsmanna tillögunnar og er það í samræmi við álit Landsvirkjunar.

Landsvirkjun telur þá stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, sem kynnt er í þingsályktunartillögunni, vera of víðtæka að því leyti að hún nær yfir mun stærra svæði en landslags- og gróðurheildin Þjórsárver. Sú afmörkun sem kynnt er í tillögunni á rætur að rekja til hugmynda áhugahóps um verndun Þjórsárvera og var hún tekin upp í tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun. Þessar hugmyndir er hins vegar ekki að finna í þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008, sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 2004.

Í fyrstu umræðu um þingsályktunartillöguna kom fram í máli hæstvirts umhverfisráðherra að fljótlega yrði skipaður starfshópur í samráði við sveitarstjórnir á svæðinu um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og breytingu á friðlýsingarskilmálum frá því sem þeir eru núna. Landsvirkjun styður þessi áform umhverfisráðherra og telur þar með að málið sé komið í eðlilegan farveg og því sé óþarft að samþykkja þingsályktunartillögu þessa efnis.

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson
forstjóri

Hjálagt: Yfirlitskort



2006_11_21 LV/TfTh



